Tilþrifalítill Tvíæringur

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Annar Tvíæringur Félags íslenzkra myndlistarmanna að Kjarvalsstöðum gengur á fullu er þessar línur birtast almenningi og mun hann standa til fimmta marz.

Segja verður hverja sögu eins og er og vissulega eru öllu meiri væntingar gerðar til sýninga sem bera slíkt nafn en þessar tvær hafa risið undir, enda tengjast nafninu yfirleitt viðamiklar myndlistarkynningar úti í heimi svo sem flestum mun kunnugt.

Fyrir nokkrum árum var sú ákaflega vanhugsaða ákvörðun tekin, að leggja niður hina árvissu Haustsýningar FÍM, en þær voru í eina tíð tvímælalaust einn merkasti listviðburður ársins hér í borg. Í stað þess var ákveðið að efna til sýningar innanfélagsmanna á tveggja ára fresti og nefna hana „Tvíæring", og er það orðrétt útlegging alþjóðlega nafnsins „Biennal".

Vanhugsuð var ákvörðunin fyrir það, að í fyrsta lagi hafði tekist að halda þessum listviðburði gangandi svo til óslitið um áratuga skeið, og í öðru lagi kallaði hin nýja framkvæmd eftir tvíefldum metnaði frá fyrra forminu, sem svo ekki virðist hafa verið fyrir hendi. Í þriðja lagi hefur meðlimatala FÍM trúlega aukist drjúgum á skömmum tíma í samræmi við fjölgun myndlistarmanna og á ef að líkum lætur eftir að margfaldast á næstu árum.

Einmitt síðasttalda staðreyndin ætti að hvetja til meiri umsvifa hvað slíkar framkvæmdir áhrærir, því að aldrei hefur þörfin verið meiri til einnar allsherjar árlegrar uppstokkunar, til að nokkuð yfirlit fáist yfir það helsta sem er að gerast í myndlist hérlendis — með marktækum innbyrðis samanburði.

Stórsýningar verka ungs fólks á nokkurra ára fresti eru ekki nóg, og því hefur þörfin á einni mikilli allsherjarsýningu allra árganga, eða jafnvel metnaðarfullum tvíæringi aldrei verið meiri. Á slíkum sýningum kemur styrkleiki ýmissa myndlistarmanna greinilegast í ljós, en síður á einkasýningu eða minni samsýningum. Þetta er mönnum ákaflega vel ljóst erlendis og þess vegna er svo mikið um árvissar stórsýningar af ýmsu tagi í gangi þar allan ársins hring.

Og þetta er ekki einungis af hinu góða fyrir listamennina sjálfa heldur einnig fjölmiðla, umfjallendur hvers konar, og ekki síst almenning, því að slík framkvæmd gerir alla markvissa og heilbrigða yfirsýn svo miklu auðveldari. Hins vegar skapa allar þessar litlu einkasýningar hér á útskerinu ótrúlegan rugling og hringlandahátt, svo að fæstir



Myndlistarmennirnir á FÍM-sýningunni.

botna neitt í neinu og aðsókn fer þverrandi í heildina litið — jafnvel svo að það eru helst nánustu vinir og ættingar, sem rata á sumar sýningar, svona líkt og á jarðarfarir, enda leiðir blómahafið stundum hugann til þeirra, þótt slíkt sé síst tilgangurinn.

Þemasýningar, sem nú eru farnar að tíðkast, eru góðra gjalda verðar einkum ef þær ná tilgangi sínum og skapa aukinn áhuga og forvitni. Stórsýningar mega hins vegar ekki bera alfarið keim af sýningum ákveðins listhóps eða kjarna, svo sem var í eina tíð, enda stórjókst velgengi þeirra er það viðhorf var ofurliði borið varðandi Haustsýningarnar gömlu, og skipulega var gengið til verks í nokkur ár. Þá jókst traust manna svo til fyrirtækisins að almennari þátttaka og fjöldi innsendra verka hefur aldrei verið meiri í allri sögu félagsins. En fyrr en varði var sú uppsveifla gengin yfir og síðan hefur framkvæmdin yfirleitt verið fremur rislág þrátt fyrir ýmsar tilraunir er urðu að frekar lífvana umbrotum.

Áhugaleysið hefur víst aldrei verið meira en núna og tala innsendra verka í lágmarki — sýningarskráin er klén að ekki sé meira sagt, sömuleiðis auglýsingaspjöldin utan dyra, og engin skilgreining sýningarnefndar um framkvæmd og stefnuskrá sér stað í skránni. Má alveg gera ráð fyrir, að aðstæðurnar hafi þrengt sýningarnefnd út í horn og sett hana í óyfirstíganlegan vanda, sem hún réði svo eðlilega ekki við. Hér á þróun félagsmála sinna stóra þátt í málum, en sú þróun hófst einmitt með hnignun Haustsýninganna upp úr 1975, svo beint samband er hér á milli.

Ég trúi ekki öðru en að allir metnaðargjarnir íslenzkir myndlistarmenn vilji sterka og rismikla árlega stórsýningu, ég vísa enn einu sinni til þess og minni á, að frændum vorum Norðmönnum hefur tekist þetta í heila öld og einu ári betur, og þar (í Ósló) sýningin er ótvírætt myndlistarviðburður ársins og umfjöllun í fjölmiðlum eftir því.

Ekki er sérstakt tilefni til að fjölyrða um sýninguna í ár eða einstök verk, enda ekki á hreinu, út frá

Makaskipti

Hef kaupanda að 4ra–5 herb. íbúð ásamt bílskúr á höfuðborgarsvæðinu í skiptum fyrir 3ja herb. íbúð við Frakkastíg ásamt góðri milligjöf.
Upplýsingar gefur:

Hrafnkell Ásgeirsson hrl.,
Strandgötu 28, Hafnarfirði,
símar 50318 og 54699.

Eitt húsgagn

List og hönnun

Bragi Ásgeirsson



Morgunblaðið/Emilía

Síðastliðinn laugardag kynnti húsgagnaverslunin Epal í Faxafeni 7 nýstárlega hönnun og verður hluturinn til sýnis í versluninni um skeið. Er hér um að ræða sófa, sem þeir innanhússarkitektarnir **Guðrún Margrét Ólafsdóttir** og **Oddgeir Þórðarson** eru höfundar að, og til að undirstrika nýjan stíl fengu þau nýbylgjumálarann **Þorlák Kristinsson** til að mála hann í textíllitum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem þessi verzlun kynnir nútíma húsgagnahönnun því að hún hefur m.a. staðið fyrir kynningu á hinum þekkta hönnuði Ole Kortzau, sem ýmsum er ábyggilega í fersku minni. Það er skemmst frá að segja, að sófinn, sem er gerður úr svampi, klæddur með bómullardúk og framleiddur í aðeins tíu eintökum, er allóvenjulegur á að líta hér á norðurslóðum. Minnir um sumt á Memphis-hópinn og gæti verið gerður undir beinum eða óbeinum áhrifum frá honum, en er þó öllu grófari, stórgerðari og norrænni í útliti. Hefur ekki yfir sér hina glæsilegu og mjúku ítölsku línu og er stórgerðari og óbifanlegri formrænt séð. Þetta getur allt eins verið kostur, allt eftir því hvaða augum menn líta á hlutina og kunnu fulltrúar Memphis-hópsins, er hér voru á ferð og litu á gripinn, t.d. vel við árangurinn, sem hlýtur að teljast drjúg meðmæli.

Kannski boðar þetta framtak uppsveiflu í gerð nútíma húsgagna á Íslandi og væri æskilegt, að menn séu hér með á nótunum frá upphafi — hér er ekki til það fjármagn né bakgrunnur, sem þeir á Ítalíu hafa auk staðsetningarinnar í hjarta Evrópu, og það gerir alla hluti margfalt erfiðari í framkvæmd. En tilraunin er þeim mun virðingarverðari, og ég er alveg viss um að að þessum sófum væri mikil ði í réttu umhverfi, auk þess, sem þeir eru vísir til að skapa sérstætt andrúmsloft í kringum sig.

Og framtak hinna ungu húsgagnaarkitekta lofar góðu og ber að þakka þeim hugrekkið og óska þeim velfarnaðar.



OFNHITASTILLAR OG BAÐBLÖNDUNARTÆKI

ARGUS/SÍA

Stjórntæki í efnahagsráðstöfunum heimilisins.

Gæta ítrustu sparsemi án þess að skerða þjónustuna.

HÉÐINN
SELJAVEGI 2, SÍMI 624260
SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA – LAGER

Danfoss
gætir hófsemi